

Fundur 13.1.2025 Jerry Leiber sönglagahöfundur frá USA.

Góða kvöldið öll sömul sem hér eruð.

*Góða kvöldið.*

Tala ég til ykkar úr mikilli stjörnusambandsstöð og er það gæfa tel ég að hafa komist á þennan hnött þar sem viska og vísindi eru í hávegum höfð.

Og kem ég frá fátækum foreldrum og var æfi mín á jörðinni ævintýri líkust, hvernig ég hófst til metorða og þokkalegrar auðlegrar og verið mikilsmetinn af trúbræðrum mínum og öðrum sem tekið hafa þátt í ýmsum verkefnum og samtökum sem hafa verið mótandi fyrir framtíð jarðarinnar.

Og hversu mikilvægt mér hefur fundist það hér í framlífi að fyllast ekki af hroka yfir því að tilheyra stétt manna og þjóð sem á marga einstaklinga sem hafa verið leiðandi í menningu jarðarinnar.

Vona ég að þið skynjið orkuna sem er hjá okkur, var ég valinn meðal annars til þess að tengja við annan trúbróðir minn sem kemur hér á eftir og hefur vísindalegra erindi fram að færa og þurfti hann á þessari tengingu að halda.

Og þar sem nafn mitt er þekktara og ég hef mögnun fjölmargra landa minna í Bandaríkjunum að baki mér, var mér það auðvelt að byrja fundinn og tengja ykkur inn á aflsvæði hnattarins sem ég tilheyri og tengja það við aflsvæði ykkar, ykkar þjóðar og hinnar fjölmennu þjóðar sem ég tilheyrði á jörðinni, hinnar Bandarísku þjóðar.

Og tengja þar saman inn á sameiginlegt og gott aflsvæði, og er það mikilvægt í upphafi fundar, til að auðvelda þeim sem á eftir koma sambandið, sem hafa kannski ekki sama bakhjarl stilliaflsins.

Og vona ég að ég geti sagt nafn mitt hér á eftir. Tala ég frá hnetti þar sem einstaklingar hafa talað til ykkar áður og höfum við stórkostlegan leiðtoga og forseta hér, sem hefur áhrif út yfir land okkar og er í alþjóðlegum bandalögum innan hnattar okkar og meðlimur og leiðtogi margra þjóða, þótt það sé einföldun, þar sem lýðræði ríkir hér á okkar hnetti.

En þið þekkið það frá ykkar jörð, hvernig þetta er, nafn hans er John F. Kennedy og höfum við oft talað til ykkar frá þessari stöð, og vona ég að þið finnið orku okkar vel og greinilega.

*Já vertu velkominn.*

Já þakka þér fyrir tónlistarmaður og vona ég að ég geti nefnt nafn mitt hér á eftir.

Fengum við tilmæli um það að tengjast ykkur hér til að greiða fyrir samböndum hér á eftir, og vil ég gjarnan segja frá æsku minni áður en lengra er haldið og fleiri sambönd komast að.

Er ég af gyðingaættum, en ræktaði ég ekki trúna eins og margir trúbræður mínir, en hef gert það betur í framlífi.

Þegar foreldrar mínir fluttust Bandaríkjana og sögðu mér frá ofsóknum þeim sem okkar ættbálkur, kynþáttur hefur þolað, þá reiddist ég að vísu en reyndi þó að snúa því upp í kæruleysi og fylgjast með jafnöldrum mínum í áhugamálum þeirra í íþróttum og tónlist.

Og foreldrar mínir stofnuðu margar verslanir sem urðu gjaldþrota og urðu fyrir mótlæti, en eftir að við fluttum til Los Angeles og er það tengingin við ykkur og atburði þá sem nú gerast, þá gekk líf okkar betur og er það mikil stéttskipting innan gyðinga ættflokksins, hverjir njóta velgengni og hverjir ekki, og má fólk ekki dæma okkur alla sem eina og sömu hjörðina.

Komst ég þar í kynni við samstarfsmann minn og sömdum við lög fyrir Elvis Presley og slóum í gegn með því, Jerry Leiber er nafn mitt.

Eftir að ég naut vinsælda á jörðinni fór hagur minn að vænka og komst ég í álnir, auðgaðist ég og komst hærra í þjóðfélagsstiganum innan gyðinga samfélagsins, meira metinn á við ýmsa sem ég kynntist og greiddi það mér leið til frægðar og frama.

Og tengsl okkar við Elvis Presley voru mikilvæg, þar sem hann varð strax sú stórstjarna sem náði heims athygli og greiddi sömuleiðis leið okkar til aukinnar frægðar og auðlegðar.

Var það mér mikið undrunarefni er ég kom á þennan framlífs hnött, að ekki var það Jahve eða okkar trúarsetningar sem það var samkvæmt, heldur var það efniskenndur hnöttur og að vísu dásamlegt líf.

Og eftir fyrstu undrunina varð ég sífellt ánægðari og hamingjusamari með þessi hlutskipti og fékk ég áhuga á ykkar Norrænu menningu, enda á ég einnig fjölmarga forfeður af Norrænum og Germönskum ættum, meðan þjóð mín bjó á meginlandi Evrópu, Pólandi, Þýskalandi og öðrum löndum.

Fékk ég áhuga á minni gömlu trú þegar ég kom á þennan hnött, en hef ég þó einnig fengist við tónlistarstörf áfram og félagsmál, fer ekki nánar út í það, en kynntist ég að vísu bankastjórum og útgefendum í menningarbransanum hér á þessum og hef ég starfað við það að mestu.

Er ég hér ungur og hraustur enn þá og er það mér mikið gleðiefni, vil ég stuðla að friði milli kynþáttanna og þjóðanna og kem til ykkar í kærleika og gleði.

Og hilli ég ykkar formenn og þótt sambönd okkar í þessari stjörnusambandsstöð séu oft við aðra, hafa það verið hátíðlegar stundir og fróðlegar þegar formenn ykkar og aðrir Norðurlanda búa hafa talað um Guði sína og kynnt þau fræði fyrir okkur.

Get ég nú ekki haldið mikið meira áfram að sinni, en óska ég ykkur blessunar frá mínum hnetti og minni stjörnusambandsstöð, vil ég þó segja að lokum að hér er kominn, á þessum friðsæla og góða hnetti er komin andspyrnuhreyfing sem fer ekki vel í marga, og hefur valdið umróti og deilum í þjóðfélaginu, en það er Mytoo og Kvennréttindahreyfingin, en fer ég ekki meira út í það að sinni, munu kannski aðrir af mínum hnetti fjalla um það síðar.

Þakka ég fyrir mig og óska ykkur blessunar og sendi ykkur kærleiksboðskap shalom, og vona að þið njótið tónlistar okkar félaganna um langa framtíð, verið þið sæl.

*Vertu blessaður og sæll og þakka þér fyrir komuna.*